

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 30. október 2023
Málsnúmer: 202309-0018
LA

Efni: Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðamelsnámu

Við er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 18. september 2023 þar sem Hafnarfjarðarbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna nýs deiliskipulags um Rauðmelsnámu í Almennungi.

Deiliskipulagið varðar stækkun Rauðamelsnámu í um 15,6 ha að stærð og er um að ræða nær þrefalda stækkun á núverandi námu. Samkvæmt deiliskipulag verður heimiluð nýting allt að 180.000 rúmmetra af efni, hrauni, úr Hrútagjárdyngjuhrauni. Auk þess er nefndur 1,9 ha byggingareitur og heimild til haugsetningu, lager og tip.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu að deiliskipulagi og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Rauðamelsnáman er þar sem áður var forn gervigígur sem Hrútagjárdyngjuhraun rann í kring um. Sjálfur gervigígurinn er löngu horfinn vegna efnistöku á rauðamöl, en það sem eftir er af mynduninni er samt sem áður áhugaverð og hluti af jarðsögu svæðisins.

Við stækkun námunnar verður mikið óafturkræft rask á hrauni sem er undir sérstakri vernd og er þar að auki mjög svipfagurt gróið hraun, með áberandi rishólum, hraunbollum og sprungum sem setja mikinn svip á landslagið og hafa hátt verndargildi sem einstakar jarðmyndanir. Vel sést á loftmyndum hversu mikið er af þessum merku rishólum innan áætlað stækkunarsvæði. Í hrauninu geta einnig verið vaxtarstaðir sjaldgæfra og sérstæðra plantna t.d. burknategunda, einkum í sprungum, og sem á eftir að kanna betur.

Hrútagjárdyngjuhraun og gervigígur njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og Rauðmelsnáman er í nálægð við svæði á náttúruinjasrá, Straumsvík og Fagravík að Straumi.

Verðmæt náttúra svæðisins við Straumsvík og í Almennungi, og sem m.a. er nú þegar að hluta undir vernd skv. ákvæðum náttúruverndarlaga, er undir töluverðu álagi vegna framkvæmda. Svæðið sem heild er mikilvægt útivistarsvæði framtíðar og hefur hátt verndargildi fyrir náttúru- og menningarminjar.

Mikið rask hefur nú þegar verið á nútímahrauni í landi Hafnarfjarðarbæjar vegna margvíslegrar uppbygginga og framkvæmda. Á sama tíma hefur lítið verið verndað umfram það sem lágmarksverndun sérstakrar verndunar og skráning á C-hluta náttúruinjaskrár hefur fram að færa.



Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hlífa svæðinu vestan við Kapelluhraun, þ.e. Straumsvík, Hraunum og Almenni, við frekara raski og vernda merkar náttúru- og menningarminjar svæðisins.

Virðingarfyllt,

Lovisa Ásbjörnsdóttir

Lovisa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

